

Fjör í Flóa

Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi
25. maí - 26. maí 2018

Föstudagur 25. maí

09:00-11:00 Leikskólinn Krakkaborg. Opið hús. Gestum boðið að koma að skoða húsnæðið. Allir velkomnir.

10:00-12:00 Skrifstofa Flóahrepps. Opið hús. Starfsfólk skrifstofunnar tekur á móti gestum og býður íbúum og gestum í kaffi og meðlæti frá klukkan 11:00-13:00. Ljósmyndir á veggjum og skjá frá viðburðum á síðastliðnu ári. Nýr sameiginlegur fundarsalur kvenfélaganna, ungmennafélagsins Þjótanda og Flóahrepps verður opinn. Þar hefur verið komið fyrir verðlaunagripum og sögulegum munum á veggjum og hillum. Allir velkomnir.

10:00-12:00. Þingborg. Greiningarfundur á ljósmyndum. Héraðsskjalasafn Árnesinga sýnir ljósmyndir úr Flóahreppi og óskar eftir aðstoð gesta við að nafngreina fólk, staði og fleira á myndunum.

10:00-16:30 Gallerí Flói Gamla Þingborg. Sölusýning, 15% afsláttur í Gallerý Flóa.

10.00-16.00 Ullarvinnslan Þingborg Gamla Þingborg. Opið hús. Full verslun af fallegum ullarvörum, mikið úrval af jurталituðu bandi og auðvitað Þingborgarlopinn frægi. Allir velkomnir.

13:00 - 17:00 Tré og list Forsæti. Safnið opið frá kl. 13:00-17:00. Ný viðbygging. Listaverk Siggú á Grund á sínum stað, auk annarra safngripa. Aðgangur 1.000 kr og frítt fyrir born. Allir velkomnir.

20:00 Kvöldganga. Einbúi, íþróttavöllur og samkomustaður frá náttúrunnar hendi, verður upphafsstaður kvöldgöngu Fjörs í Flóa þetta árið. Gengið verður frá Einbúa að Hvítá þar sem Gísli á Stóru Reykjum segir frá laxveiði úr ánni sem lengi hefur tíðkast. Farið verður meðfram ánni þar sem náttúra og staðháttum verður gefinn gaumur. Gangan endar aftur í Einbúa þar sem svæðið verður skoðað og fræðst um tilurð þess og sögu sem félagssvæðis Umf. Baldurs og seinna Umf. Þjótanda. Þar verður einnig boðið upp á léttu hressingu fyrir göngugesti. Létt og fræðandi kvöldganga sem ætti að henta fyrir alla fjölskylduna.

Laugardagur 26. maí

9:00 - 11:00 Félagslundur - Morgunmatur í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund sem Kvenfélögin í Flóahreppi sjá um. Kökubasar kvenfélagana.

10:00-16:00 Gallerí Flói. Gamla Þingborg. Sölusýning 15% afsláttur í Gallerý Flóa.

10:00-16.00 Ullarvinnslan Þingborg. Gamla Þingborg. Full verslun af fallegum ullarvörum, mikið úrval af jurtalituðu bandi og auðvitað Þingborgarlopinn frægi.

11:00 Félagslundur - Brokk og skokk keppni Umf. Þjótanda. Brokk og skokk er liðakeppni þar sem tveir menn og einn hestur eru saman í liði og eiga að komast rúmlega 4 km leið á sem styðstum tíma. Aðeins annar maðurinn má sitja hestinn í einu en hinn þarf að hlaupa. Stór skemmtileg og áhorfendavæn keppni sem haldin er í þriðja sinn af ungmennafélaginu en nú á nýrri og styttri brau. Einnig verður boðið uppá 2,1 km fjölskylduhring. Fjölskylduhringurinn verður ræstur frá Félagslundu en íþróttahringurinn frá afleggjaranum að Syðra-Velli. Nánari upplýsingar um keppnina má sjá á facebooksíðu Ungmennafélagsins Þjótanda.

11:00-15:00 Beint frá býli. Kjúklingabúið Vatnsenda. Opið hús. Allir velkomnir að líta við og sjá kjúklingahúsin . Einnig verður boðið uppá að kaupa kjúklingakjöt og nautakjöt. Vatnsenda kjötið er margrómað fyrir gæði sem kitlar svo sannarlega bragðlauka þeirra sem það smakka. Einnig er gestum boðið uppá að líta við í vélsmiðju Ingvars Guðna, VIG en þar er boðið uppá alls kyns spennandi vörur.

12:00-17:00 Þingborg. Flóamarkaður, kökubasar, grænmetissala og blómasala á vegum kvenfélaganna. Bændur í Flóahrepp selja eðlafurðir sínar, eitthvað sem enginn vill missa af. Hrafnhildur og Ragnar á Litla Ármóti verða með sitt rómaða uxakjöt til sölu . Sölubásar með miklu úrvali af fallegu íslensku handverki, sjá nánar á www.floahreppur.is og FB síðu Fjörs í Flóa. Ungmennafélagið Þjótandi mun sjá um gæslu á útisvæðinu og halda utan um barnadagskrá og hoppukastala. Unmennafélagið Þjótandi mun vera með barnadagskrá í glímu/fangbrögðum. Kynnt verður íslensk glíma og keltnesk fangbrögð. Sýning á nýjum vélum frá Jötunn vélum, Kraftvélum, Vallarbraut ofl. Landbúnaðartæki ásamt gömlum bílum og vélum í umsjá Rúnars Magnússona. Fergusonfélagið og Bifreiðaklúbbur Suðurlands verður á staðnum. Myndir til sýnis frá Flóaáveitunni. Dýrin mín stór og smá verða á sýnum stað. Sannkölluð karnivalstemming.

13:00-15:00 Þingborg. Skógræktarfélag Villingaholtshrepps verður með plöntuskiptimarkað þar sem fólk getur komið með plöntur úr garðinum og fengið þeim skipt fyrir aðrar.

13:00 Þingborg. Menningarstyrk Flóahrepps verður úthlutað og tilkynnt verður um kjör á íþróttamanni og konu ársins 2018. Við sama tækifæri verða úrslitin úr póstkassakeppninni kynnt.

13:00 - 17:00 Tré og list Forsæti. Safnið opið frá kl. 13:00-17:00. Ný viðbygging. Listaverk Siggú á Grund á sínum stað, auk annarra safngripa. Aðgangur 1.000 kr og frítt fyrir born.

13:00-18:00 Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum. Leiðsögn staðarhaldara um sýningar og gamla bæinn að Austur -Meðalholtum með reglulegu millibili. Leirmótunarsmiðja fyrir alla fjölskylduna í umsjón Herborgar Eðvaldsdóttur leirlistakonu verður í gangi fram eftir degi. Eyjólfur Eyjólfsson söngvari mun fræða fólk um langspilið ásamt því að taka lagið með reglulegu millibili. Kaffi á könnunni í Vöðlakoti.

13:00 Þingborg. Ragnar Brandshúsum. Mætir með dúfurnar sínar sem munu fljúga um og leika listir sínar. Hænubingó.

13:30 Þingborg. Grillaðar kræsingar. Gefið verður smakk á gómsætum mat sem kitlar bragðlauka hátíðargesta. Þar á meðal eðal uxakjöt frá Litla Ármóti sem enginn má missa af. Pylsusala á vegum Ungmennafélagsins Þjótanda.

14:00- 17:00 Þingborg. Vöfflusala kvenfélaganna

14:00- 14:30 Þingborg. Barnaleikritið Ronja Ræningjadóttir verður sýnd í Þjóðleikhúsinu með haustinu en með aðalhlutverk fer Salka Sól. Við tökum forskot á barnaleikritið með því að fá sjálfa Ronju í heimsókn. Salka mun spjalla við börnin og syngja 2 lög, en á eftir verður börnum boðið uppá myndatöku með Ronju Ræningjadóttur.

14:00 – 17:00.Veltibílinn. Kennir börnum mikilvægi þess að nota alltaf bílbeltin. Börnin upplifa það - með að bílbeltin eru sett á þau í veltibílnum og síðan er honum snúið.

15:00 Brunavarnir Árnassýslu, Sjúkraflutningar og Lögreglan á Suðurlandi, mæta með bíla og menn. Fólk verður boðið að skoða bílana og í skemmtilegt spjall. Öll börn sérstaklega velkomin og muna eftir myndavélinni eða símanum til að taka mynd af sér með þessu skemmtilega og frábæra fólk sem við eigum Sunnlendingar. Skemmtun og fræðsla sem svo sannarlega hefur slegið í gegn. Slökkviliðsmenn munu dreifa karmellum frá Góu til barnanna úr körfubílnum.

15:00 Íslenska Gámafélagið. Öskubíllinn mætir með sínum flottu starfsmönnum. Þeir kynna nýjan flokkunarbækling á sorpinu og gefa börnum góðgæti.

15:30 Þingborg. Ungmennafélagið Þjótandi. Kraftakeppni. Hverjir hafa næga krafta í kögglum til að draga heilan bíl? Eitthvað sem þú verður að taka þátt í. Þú vilt ekki missa af þessum viðburði.

20:30 Tónahátíð/Kvöldvaka/Kosningakvöld/ í Félagslundu

Vilhjálmur og Ellý Vilhjálms. Tónleikar með þeim Guðrúnu Gunnars, Jogvan Hansen og Pálma Sigurhjartar. Þau munu flytja vinsælustu lög hinna ástsælu systkina. Allar perlurnar sem þú elskar, hver konfektmolinn á fætur öðrum. Tónlistaviðurður sem enginn vill missa af. Hægt verður að kaupa sér léttu veitingar. Meðal annars verður boðið uppá Köku ársins frá Guðna Bakara. Aldurstakmark 15 ára. Veislustjóri: Guðni Ágústsson

Þau sem verða með bása eða sýningar á Fjör í Flóa.

Miðað er við að fólki komi með allan varning og setji allt upp á föstudaginn í samráði við Ingu á Langstöðum.

Heldi manna hornið: Eldri Flóamenn sýna og/eða selja verk sín:

Sigríður á Skeggjastöðum verður með til sýnis silkiborðasaum.

Beint frá Bónda:

Ragnar í Brandshúsum verður með ný egg til sölu.

Hrafnhildur og Ragnar á Litla Ármóti verða með sitt frábæra uxakjöt til sölu.

Broddur frá Kolsholti I

Þorsteinn Logi og Cathy kynna Kotlamb og nautakjöt frá Egilstaðakoti.

Íslenskt handverk

Töfraljós- alls kyns kerti.

Lena Orustudal spinnir og selur band.

Magga frá Ölfusholti selur trévörur frá Reyni Stefánssyni.

Viss- Vinnu og hæfingarstöð. Vinna fyrir alla.

Jóka verður með alls kyns saumaða þarfahluti

Vilborg Magnús einstakt handverk úr gleri.

Jöklamús. Þrjónavörur, vörur úr hreindýrshornum, tré og stáli.

Hjördís Þorfinnsdóttir verður með tölur úr roði.

Alda frá Hróarsholti verður með þrjónaðar vörur.

Brigittte Bjarnason ísl. slípaðir steinar og handþrjónaðar vörur.